

Kennsluáætlun í öll almenn svæði

Viðfangsefnið/reglan: **Nota inniröddina** (ábyrgð)

Til hvers ætlumst við af nemandanum? **Að barnið noti inniröddina í leik og starfi inni nema í salnum.**

Útskýrum af hverju reglan er mikilvæg: **Svo við heyrum vel í öllum og truflum ekki aðra.**

Hvernig kennum við þessa hegðun?

Sýnikennsla (börnin leiki rétta hegðun og kennarinn ranga hegðun).

Myndir

Minna á rétta hegðun

Listi yfir dæmi um rétta og ranga hegðun:

Rétt hegðun (+).

1. Pétur var að nota inniröddina á meðan hann var að biðja um aðstoð og kennarinn skildi það sem hann vildi því að hann var svo skýr.
2. Margrét og Sara voru með hávaða á meðan þau voru að leika saman. Margrét sagði við Söru að nota inniröddina og leikurinn hélt áfram án þess að trufla börnin í kringum þau.
3. Geir sagði að hann væri vondur karlinn og hann öskraði hátt. Börnin vildu vera með honum í leiknum og vildi samt ekki að hann öskraði meira. Þau voru að minna hann á að nota inniröddina sem hann gerði og leikurinn heldur áfram og allir voru glaðir.

Röng hegðun (-).

1. Egill var að gráta og kennarinn spurði, "Hvað er að?", þá sagði Egill, "Mér er illt í eyrunum því að það er svo mikill hávaði í krökkunum.
2. Kennarinn var að útskýra reglurnar fyrir PBS og Helga heyrði ekki neitt því Gunnar og Nonni voru að öskra.
3. Sunna var að lesa bók og Gunnar skildi ekki hvernig sagan endaði því að Bára og Helga voru með allt of mikinn hávaða.

Gefum nemendunum færi á að æfa sig og fullkomna færni: Með sýnikennslu, þolinmæði og hrósi.

